

LEIKSKÓLINN DALUR

Starfsáætlun 2020-2021



Sóley Gyða Jörundsdóttir leikskólastjóri
Sonja Margrét Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri



Starfsáætlun 2020-2021

- 3 Um leikskólann
- 5 Öryggismál
- 6 Foreldrasamstarf
- 7 Starfsmenn
- 8 Samstarf
- 9 Mat á skólastarfinu
- 10 Mat á starfsáætlun
- 12 Mat starfsmanna
- 12 Skipulagsdagar
- 13 Endur- og símenntun
- 14 Umbótaáætlun

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstrar- aðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Leikskólastarf er í sífelldri mótun. Starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er aðaláhersla lögð á lýðræði og gæði í samskiptum en einnig á læsi stóran þátt í starfinu ásamt ýmsum hefðum.



Áhersla er á vellíðan barnanna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Um leikskólann

Gerð leikskólans - húsnæði - lóð – rými

Dalur er fjögurra deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir, Gula og Rauða lind, eru fyrir þriggja til fimm ára börn og eru 25 börn á hvorri deild. Tvær deildir eru fyrir tveggja til þriggja ára börn. Á Grænu lind eru 17 börn og á Bláu lind eru 15 börn.

Leikskólinn er 613 m² að flatarmáli, leikrými er 293 m² og flatarmál lóðar er 2478 m². Heildarrými pr. barn er 7,5 m², leikrými er 3,5 m² og lóðarrými 30,21 m².

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið. Að barnið finni að á það sé hlustað, það læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitsemi og vináttu.

- Ýta undir að börnin séu virkir þátttakendur í skólastarfinu.
- Efniviður verði eins aðgengilegur börnum og mögulegt er í hand-

- hægum og merktum kössum (á meira við á eldri deildum en yngri).
- Börnin taki þátt í daglegum störfum eins og kostur er, til dæmis að leggja á borð og vera þjónar við matarborð.
- Börnin geti valið hvaða lög eru sungin, hvað er lesið og fleira.
- Lögð er áhersla á að börnin læri að leysa ágreining og læri gildi góðra samskipta.
- Börnin meta starfið að vori.
- Foreldrar og starfsfólk fái tækifæri til að tjá sig um skólastarfið.

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá og skólanámskrá Dals. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum.

Í leikskólanum er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barnanna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Samskipti eru grundvallarþáttur í öllu starfi leikskólans og lögð er áhersla á mikilvægi þess að vanda til þeirra. Með umgengni við aðra læra börnin undirstöðuatriði í samskiptum og þroska félagsfærni sína og sjálfsmynd. Til að börnin fái sem bestu fyrirmyndirnar og geti til- einkað sér góð samskipti og vinnubrögð er mikilvægt að starfsaðferðir í leikskólanum séu samræmdar og sameiginleg viðhorf séu ríkjandi hvað varðar börnin og starfið. Lögð er áhersla á að gera hlutina einfalda og halda stöðugleika í starfi.



Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Skólastarfið – aðalnámskrá - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eru sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorönu.

Námssvið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Áhersla er á hollt og næringarríkt fæði.
- Útvera er að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farið er í vettvangsferðir eins oft og hægt er.
- Markviss hreyfing er í sal einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Áhersla er á góðar hreinlætisvenjur.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Lesið og sungið er á hverjum degi.
- Pulur, vísur og frásagnir eru notaðar í starfinu með börnunum.
- Hljóðfæri eru til staðar sem hægt er að nýta.
- Fjölbreyttur efniviður er til í myndsköpun.
- Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fast við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Jafnframt ber að yta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Aukin er vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Verðlaus efniviður er flokkaður og nýttur.
- Vel er hugsað um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska eru í fyrirrúmi.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnst tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og að tákni hafi merkingu. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Unnið er með samskipti í öllu skólastarfi.
- Ritmál er sýnilegt.
- Leikefni er merkt.
- Samverustundir eru að minnsta kosti tvisvar á dag.
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Lestraráttak er í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Dagskipulag

- Kl. 07:30 – 08:00** Leikskólinn opnar á Rauðu lind
- Kl. 08:00 – 08:30** Allar deildir opna – leikur í heimastofu
- Kl. 08:30 – 09:00** Morgunverður – frjáls leikur
- Kl. 09:00 – 11:30** Hópastarfi/útvera/samverustund
- Kl. 12:00 – 12:30** Hádegisverður
- Kl. 12:30 – 13:00** Hvíld, samverustund
- Kl. 13:00 – 14:30** Frjáls leikur úti – inni
- Kl. 14:30 – 15:00** Síðdegishressing
- Kl. 15:00 – 16:20** Frjáls leikur
- Kl. 16:30** Dalur lokar

Dagskipulag á Bláu lind (það sem er frábrugðið eldri deildum)

- Kl. 11:00 – 11:15** Undirbúningur fyrir hádegisverð - samverustund
- Kl. 11:15 – 11:45** Hádegisverður
- Kl. 11:45 – 14:00** Hvíld – róleg stund

Menningarviðburðir - ferðir - sýningar - hefðir - hátíðir

- Á haustönn er, bangsadagur/ afmæli Blæs, læsismánuður og dagur íslenskrar tungu/afmæli Lubba.
- Í desember er undirbúningur fyrir jólin, leikisýning, farið í heim-sókn í Lindakirkju og haldin jólastemmtun.
- Á vorönn er þorrablót, dagur leikskólans/ afa og ömmudagur, afmæli leikskólans Dals og viðurkenningahátíð elstu barnanna.
- Haldið verður upp á afmæli barnanna inni á deildum og dagurinn gerður minnisstæður. Þau fá kórónu og velja sér diskamottu, glas og disk til að hafa í hádeginu og afmælislestin notuð. Í söngstund



- í sal á föstudögum er sungið fyrir afmælisbörn vikunnar.
- Á sumrin er starfið brotið upp með ýmsum hætti og öðruvísi viðburðum. Sólstöðuhátíð er haldin í lok júní en það er samstarfsverkefni leikskólanna Dals og Núps.
- Elstu börn leikskólans fara í ýmsar ferðir svo sem í vorferð og sundnámskeið.

Kynning á leikskólanum

- Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu.
- Foreldrum, kennaranemum og nýju starfsfólki er bent á að afla sér upplýsinga á heimasíðu leikskólans.
- Leikskólastjóri og deildarstjórar nýta netpóst og Völu snjallforrið.
- Áður en barn byrjar í leikskólanum fá foreldrarir sent heim kynningarrit leikskólans og eru boðaðir á kynningafund. Ef foreldrar komast af einhverjum ástæðum ekki á fundinn er þeim afhent kynningarritið í fyrsta viðtali.
- Á foreldrafundi að hausti er kynning á starfi komandi vetrar.
- Á afmælisdegi leikskólans er sett upp sýning á afrakstri vetrarins ásamt mati barnanna á starfi leikskólans og er foreldrum boðið.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á því að fá kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð allra starfsmanna en sérkennslustjóri skipuleggur þá vinnu í samstarfi við deildarstjóra. Að öllu jöfnu er barn ekki tekið út af deild í einstaklingskennslu heldur er unnið með fleiri börn í hóp.

Lögð er áhersla á að efla og styrkja hvert barn ásamt því að veita hverju barni viðfangsefni við hæfi. Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og bæði kennurum og forráðamönnum veitt ráðgjöf. Þegar þess þarf með fylgir sérkennslustjóri eftir málum þeirra barna sem fara í grunnskóla.

Sérkennslustjóri heldur utan um vinnu með börn sem þurfa sérkennslu, sem fer að mestu leyti fram inni á deildum, í fámennum hópum. Starfið í hópunum er endurmetið reglulega.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Hér má finna: **Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.**

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Hittist nefndin að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi í innra starfi leikskólans einu sinni á ári og til þess eru nýttir vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirlitinu.

Á hverjum degi er farið yfir útileiksvæði barnanna og kannað hvort allt sé í lagi. Nokkrum sinnum á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og börnin læra að fara að næstu merktu útgönguleið og starfsfólkið æfist í að fara eftir eldvarnaráætlun leikskólans. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Öryggisnefnd bregst eins fljótt við og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða gera úttekt einu sinn á ári. Einnig eru öryggislýsingar og slökkvitæki yfirfarin einu sinni á ári. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þörf þykir.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Áfallaráð

Áfallaráð er starfandi í Dal en í því sitja aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennari og deildarstjóri. Hlutverk þess er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Við áföll hittist áfallaráðið eins oft og þörf er á. Áfallaráð hefur meðal annars til hliðsjónar áfallaáætlun leikskólans, jafnréttis- og mannréttinda stefnu Kópavogsbæjar, stefnu Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi og verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.

Sérkennslustjóri heldur utan um vinnu með börn sem þurfa sérkennslu, sem fer að mestu leyti fram inni á deildum, í fámennum hópum.



Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólustjóra.

Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um starfs-áætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætla og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Mikilvægt er að forráðamenn séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Nýjum forráðamönnum er sendur/afhentur bæklingur með upplýsingum um leikskólann og starfsemi hans.

Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýrra barna er ávallt í maí hvert ár. Þeir forráðamenn sem ekki geta nýtt sér fundinn koma í viðtal til leikskólustjóra.

Haldnir eru fundir með forráðmönnum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf.

Handbók foreldrafélagsins/ráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Forráðamenn eru ávallt velkomnir í leikskólann, en eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi fyrir jólin, mömmu- og pabbamorgna, viðurkenningarhátíð elstu barnanna og afmæli leikskólans. Þeir taka einnig þátt í og/ eða aðstoða við hina ýmsu viðburði í leikskólanum og/ eða þegar farið er í lengri ferðir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúning og framkvæmd ýmissa viðburða svo sem jólastundar fyrir forráðamenn og börn, möndlugjafa í desember, leikrita, vorferðar fyrir elstu börnin og rútu fyrir sveitaferð. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum og er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður.

Fundargerðir foreldrafélagsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu foreldra og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti við foreldra. Leitast er við að koma til móts við óskir þeirra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum leikskólastarfsins, aðbúnaði og umönnun barnanna. Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef þeir eru ánægðir með starfið en einnig hvað hægt er að gera betur.

Lögð er áhersla á:

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Að eiga jákvæð dagleg samskipti við foreldra.
- Að halda fundi fyrir foreldra og kynna starfið.
- Að hafa foreldrasamtöl í það minnsta einu sinni ári, en foreldrar geta óskað eftir fleiri samtölum.
- Að miðla upplýsingum til foreldra munnlega eða skriflega á töflur við deildir og í gegnum netpóst og heimasíðu.

Mikilvægt er að forráðamenn séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Fá þeir bækling með upplýsingum um leikskólann og starfsemi hans.



**Góður starfsandi
eykur vellíðan allra,
bæði starfsmanna
og barna.**

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Góð samvinna, gagnkvæm virðing og samskipti hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Góður starfsandi eykur vellíðan allra, bæði starfsmanna og barna og eru allir sameiginlega ábyrgir fyrir góðum starfsanda í leikskólanum. Starfsgleði er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og virðing fyrir uppeldisstarfinu með börnunum er grundvöllur þess að ná árangri í starfi.

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt fyrir allan leikskólann í einu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn og er þeim afhent til lestrar gögn sem tengjast leikskólanum og starfi hans. Deildarstjóri sér um að kynna starfsmann fyrir deildinni, samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans. Samskipti milli deilda eru eitt af áhersluatriðum í starfinu bæði hvað varðar börn og starfsmenn.

Til staðar er starfsmannahandbók og mappa með vinnulýsingum þar sem eru upplýsingar um starfsaðferðir og fleiri mikilvæga þætti í starfinu.

Fundir

- Starfsmannafundir eru nýttir til undirbúnings starfsins og/eða fræðslu.
- Deildarfundir eru haldnir að degi til þar sem rætt er um starfið, skipu lagið og börnin.
- Deildarstjórafundir eru að jafnaði á föstudögum. Þar eru rædd þau mál sem eru efst á baugi og jafnframt teknar ákvarðanir um starf næstu vikna.
- Fagfundir eru haldnir einu sinni á önn. Þar eru rædd uppeldismál, skipulag og annað sem varðar starfið.
- Skilaboðafundir eru að morgni. Þar er komið á framfæri skilaboðum sem þurfa að berast öllum og eru þau skráð í bækur og á töflur deilda.
- Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara hver í sinn handleiðsluhóp nokkrum sinnum yfir árið. Í handleiðslu er ýmis málefni rædd sem varða starfið. Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Dal er gert ráð fyrir 16,5 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri heimasíðu leikskólans, þróunarverkefnum, matseðlagerð, skipulagningu á faglegu starfi og fleiru. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningsstíma og sérkennslu barna.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópin á sumrin.

Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Samstarfið er í sífelldri þróun og unnið er að því með mismunandi hætti í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga og skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni.

Leikskólarnir Dalur og Núpur og Lindaskóli eiga með sér samstarf sem er skipulagt í upphafi hvers vetrar. Kennarar fyrstubeckinga, yfirmaður dægradvalar og kennarar elstu barna leikskólans hittast til skrafs og ráðagerða og skipuleggja heimsóknir. Elstu börn leikskólanna fara í heimsóknir í fyrstu bekkina, dægradvöl, samstund, leikfimitíma, útikennslu og borða einu sinni í matsal grunnskólans. Þau hitta aðstoðarskólastjóra sem kynnir skólann fyrir þeim og hinar ýmsu kennslustofur. Fyrsti bekkur heimsækir leikskólana og allar deildir nýta sér sögustundir á bókasafni. Aðstaða í dægradvöl grunnskólans er notuð einu sinni í viku fyrir hópastarf elstu barnanna.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, starfsfólk menntasviðs Kópavogs og ýmsa utanaðkomandi sérfræðinga og birgja.

Elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í fyrsta bekk grunnskóla, dægradvöl, samstund, leikfimi og útikennslu og borða einu sinni í matsal grunnskólans.





Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólubarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Mat á skólastarfinu

Ár hvert er einn námsþáttur metinn og umbótaáætlun gerð í samræmi við niðurstöður. Hópstjórar/aldurskipti fara yfir og endurmeta hópastarf um áramót og að vori. Fylgst er með börnum í hópastarfi og skipulögðum stundum og eru deildarfundir nýttir til að samræma starf með einstökum börnum eða hópnum.

Fyrir samtöl við forráðamenn hittist starfsfólk deilda og fer yfir stöðu hvers barns og eftir foreldrasamtöl er niðurstöðum þeirra miðlað til starfsfólks deilda. Eftir hvern viðburð er gert endurmat og breytingar gerðar ef þörf er á.

Starfsáætlun er endurmetin á hverju vori og gerð umbótaáætlun fyrir nýtt skólaár. Skólanámskrá er endurskoðuð samkvæmt lögum á fimm ára fresti.

Sértækir matslistar

Hljóm2 er íslenskt aldursbundið próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) 5 ára barna. Hljóm2 er lagt fyrir að hausti ár hvert. Niðurstöður geta gefið vísbendingar um gengi lestrarnáms.

EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári. Niðurstöður gefa vísbendingar um hvar barnið er stítt í málþroskaferlinu.

Börn

Í leikskólanum eru sköpuð tækifæri fyrir börnin til að meta leikskólastarfið og niðurstöðurnar nýttar til að gera gott starf betra. Mat er gert fyrir afmæli leikskólans 11. maí þar sem börnin geta tjáð sig í máli og myndum um starfið. Ýmis tækifæri s.s. dagar íslenskra tungu, alþjóð-



legi bangsadagurinn og dagur leikskólans eru nýttir til leggja fyrir börnin spurningar, börnin teikna eða teknar eru myndir sem lýsa starfinu með þeirra augum.

Kennarar/starfsfólk

Sérhannaður listi er sendur rafrænt til starfsfólks leikskólans annað hvert ár til að meta samstarf og samskipti. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið með ýmsum hætti s.s. eftir viðburði, með matslistum námsþátta, yfirlistur starfsáætlunar og gerð umbótaáætlunar.

Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár. Spurningakönnun er þá send rafrænt til forráðamanna frá menntasviði Kópavogs. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um það hvað forráðamenn eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu. Rafræn könnun er send til forráðamanna nýrra barna, þar sem aðlögun barnsins er metin. Rafræn könnun er einnig send árlega til forráðamanna barna sem flutt hafa um deild.

Mat á starfsáætlun 2019 – 2020

Skólastarfið

Unnið var með samskipti, lýðræði og læsi í víðri merkingu með áherslu á vinnu með *Lubbi finnur málbein* og vináttuverkefni Barnaheilla um *Blæ*. Hópastarf var tvisvar í viku, unnið var í litlum hópum og vinnan miðuð við aldur og þroska barnanna.

Þema var *ég sjálfur* þar sem heimaþekking (*hvað heitir þú, fjölskyldan þín og hvar áttu heima*), grunnlitir og form voru í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á að börn séu frædd um líkama sinn og nánasta umhverfi, efla sjálfsvitund, samskipti og samhug.

Hefðir leikskólans voru óbreyttar fyrir utan að yngismeyja- og yngismannadag var sleppt og afmæli leikskólans og viðurkenningarhátið elstu barnanna var með breyttu sniði vegna takmarkana í samgöngubanni vegna Covid 19.

Mat á námssviðum leikskólans

Þetta vorið var metinn námsþátturinn sköpun og menning ásamt starfsáætlun síðasta árs og listum frá vinnu-efurlitinu.

- Fjölbreyttur og skapandi efniviður er lítið notaður nema í listaskála.
- Má efla umræður við börn á meðan þau eru að skapa.
- Lítið skoðaðar listaverkabækur.
- Auka þarf fjölbreytni í hlustun og notkun tónlistar, söngleiki og leikræna tjáningu.
- Lítið fjallað um mismunandi menningu.

Unnið var með samskipti, lýðræði og læsi í víðri merkingu með áherslu á vinnu með Lubbi finnur málbein og vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ.

Starfsáætlun

- Söngtextar voru ekki settir á heimasíðu.
- Lubbalög voru ekki alltaf sungin.
- Lestraráttak var ekki að þessu sinni.
- Fagfundir hafa ekki verið einu sinni á önn.

Vinnuumhverfisvísar

- Á vissum tímum getur verið álag.
- Mörg börn í litlu rými.
- Þarf sveigjanleika.
- Ef upp koma vandamál er nauðsynlegt að vinna úr þeim.
- Skilaboð geta gleymst eða ekki komist til skila.
- Boðleiðir virka ekki sem skyldi.

Börn

Í desember voru 80 börn í Dal og þar af 5 börn af erlendum uppruna (tví- eða þrítyngd).
Dvalartímar dag hvern voru 648,5
Barngildin voru 107,37

Fjöldi stunda yfir daginn skiptist á eftirfarandi hátt:

2 börn í 5 – 6,5 klukkustundir
5 börn í 7 - 7,5 klukkustundir
43 börn í 8 klukkustundir
28 börn í 8,5 klukkustundir
2 börn í 9 klukkustundir

Aldursskipting eftir árum:

11 börn fædd 2014
21 barn fætt 2015
22 börn fædd 2016
23 börn fædd 2017
7 börn fædd 2018

Mat foreldra


Könnun á aðlögun

Haustið 2019 var foreldrum nýrra barna send könnun um aðlögunina. Svörin var góð og flestir ánægðir með fyrstu kynni af leikskólanum, móttöku barna og foreldra, aðlögun barnanna og kynningu á starfinu. Einhverjir töldu börnin eiga erfitt með að vera eftir og hefðu líklega þurft lengri aðlögunartíma


Könnun á aðlögun milli deilda.

Foreldrar voru ánægðir með að starfsfólk „gömlu deildarinnar“ fylgdi þeim fyrstu skrefin á nýrri deild. Það kom fram að það hefði mátt vera betri kynning á starfsfólkinu og starfinu og aðlaga tímann að hverju barni.


Nemendur í leikskólanum Dal 2019



Nemendur í leikskólanum Dal 2018



Nemendur í leikskólanum Dal 2018



Sérkennsla

Börn sem nutu sérkennslu síðastliðinn vetur voru tuttugu, þrettán drengir og sjö stúlkur. Um var að ræða ýmis frávik varðandi málþroska, fínreyfingar og félagsfærni. Tvö börn fengu einstaklingskennslu og var unnið með þeim samkvæmt einstaklings áætlun í samráði við foreldra.

Starfsfólk

Samsetning starfsmannahópsins

Starfsárið 2019 - 2020 voru 20,24 stöðugildi í leikskólanum, en þar af eitt stöðugildi vegna sérkennslu. Í Dal störfuðu auk stjórnenda, fjórir leikskólakennarar með deildarstjórn, fimm leikskólakennarar, þrjú leikskólakennaranemar, tveir í meistaranámi við HÍ, sérkennslustjóri, leikskólalíði og leiðbeinendur.

Kópavogsbær bauð starfsmönnum að fá heilsufarsmælingar sem SIBS annaðist og einnig bólusetningu gegn flensu fyrir þá sem vildu, sem hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu annaðist.

Starfsreynsla kennara/starfsmanna Dals í leikskólastarfi:

Starfsmenn Dals búa yfir gríðarmikilli reynslu af leikskólastarfi, bæði er starfsaldur hár og þeir starfsmenn sem þar starfa hafa reynslu af öðrum leikskólum.

- 46 % starfsmanna í Dal hafa á bilinu 20-45 ára reynslu af leikskólastarfi.
- 27% starfsmanna í Dal hafa undir 3 ára starfsreynslu í leikskólanum.
- Meðal starfsaldur starfsmanna Dals í starfi í leikskólum er tæplega 19 ár.
- 50% starfsmanna hefur starfað yfir 5 ár í Dal.
- 27% starfsmanna hefur starfað yfir 10 ár í Dal.
- Meðal starfsaldur í Dal er tæplega 7 ár.
- Fjöldi starfsmanna er 26 í um 20,24 stöðugildum.

Starfsmannavelta er tiltölulega lítil sem endurspeglar stöðugleika og starfsánægju.

Mat starfsmanna

Starfsmannakönnun var framkvæmd af skólapúlsinum vorið 2020

Helstu niðurstöður voru að flest allir höfðu trú á eigin getu við uppeldi, menntun og í daglegu starfi. Flestir telja vinnustaðinn afslappaðan og þægilegan og að kunnátta og færni starfsmanna nýtist í starfi. Allir telja starfið mikilvægt og krefjandi og þar séu jákvæðar áskoranir.

Fram kemur að stjórnendum er umhugað um heilsufar og velferð starfsmanna, meta vinnuframlag að verðleikum og eru tilbúnir að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni.

25% starfsmanna telja vinnustaðinn lítt hvetjandi og styðjandi.



Starfsmenn Dals búa yfir gríðarmikilli reynslu af leikskólastarfi, bæði er starfsaldur hár og þeir starfsmenn sem þar starfa hafa reynslu af öðrum leikskólum.



Starfð í leikskólanum er í sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Hafin er vinna með Heimsmarkmiðin og Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna.

25% telja að til staðar sé mismunur í framkomu vegna kyns og aldurs. 10,35 % telja sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustaðnum. 3,4% orðið vitni að einelti.

Það þarf að huga að stuðningi við nýsköpun og endurmenntun ásamt því að auka þátttöku í mikilvægum ákvörðunum og úthlutun verkefna. Upplýsingar voru misvísandi sem þarf að bæta ásamt því að auka hvatningu til tjáningar og stuðning frá samstarfsfólki.

Starfsmannasamtöl

Leikskólastjóri tók alla starfsmenn í starfsmannasamtal vorið 2020 og lagði til grundvallar þær niðurstöður í starfsmannakönnunni um einelti. Markmiðið var að ræða um líðan starfsmanns og hvort viðkomandi hafi orðið fyrir eða vitni að einelti eða erfiðum samskiptum.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfð í leikskólanum er sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni.

Hafin er vinna með Heimsmarkmiðin og Barnasáttamála sameinuðu þjóðanna en sú vinna er einungis á frumstigi.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru 4 á starfsárinu þar sem einum var frestað vegna Covid 19.

27. september var vinna í hópum með Heimsmarkmiðin, vinnulýsingar og deildarfundir.
21. nóvember var fyrirlestur um vinnustellingar, farið yfir skipulag starfsins og starfsáætlun.
2. janúar var farið í endurmat á haustinu, vorönn skipulög og deildarfundir haldnir.
16. mars var settur auka skipulagsdagur vegna Covid 19 til að undirbúa breytingar á starfinu og skipulagi þess.
24. maí voru tveir örfyrirlestrar; verklagsreglur um vinnu gegn ofbeldi í skólum og einelti. Farið var yfir niðurstöður starfsmannakönnunar og umræða í kjölfarið. Endurmat var gert á námsþættinum, Sköpun og menning og vinnuefirlitslistum ásamt því að gerð var umbótaáætlun vegna starfsáætlunar leikskólaársins 2020 – 2021.

Fyrirhugaðri námsferð til Finnlands dagana 20 – 24 maí 2020 var frestað vegna Covid 19.



**Efla sjálfsvitund,
samskipti og sam-
hug og rýna til
gagns. Að vera
lausnaleitandi er
verkefni sem er
ætíð í gangi.**

Endur- og símenntunaráætlun

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar, Háskóla Íslands, Rannung og annarra endurmenntunarstofnana. Skipulagsdagar voru einnig nýttir að hluta eða öllu leyti til símenntunar.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ráðstefnu „Breytingar í þágu barna“ á vegum félags- og barnamálaráðherra í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á ýmis námskeið; Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðin, Atvik, Alfreð, Völu og Lísu og persónuvernd.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari fóru á fundi á vegum FSL um faglega leiðtoga.

Leikskólastjóri fór í námsferð til Valencia „Samskipti, sjálfskoðun og hrós“.

Sérkennslustjóri fór á námskeið um EFI 2.

Leikskólakennari fór á námskeið hjá HÍ 2 „sögupokar“.

Leiðbeinandi fór á nýliðanámskeið.

Tveir deildarstjórar og tveir leiðbeinendur fóru á „Verkfærakistan“.

Deildarstjórar fóru á námskeið hjá Þekkingarmiðlun.

Leikskólakennari og leiðbeinandi fóru á námskeið um ADHD.

Allir starfsmenn fóru á námskeið á skipulagsdegi um vinnustellingar á vegum Vinnuverndar.

Allir starfsmenn fóru á kynningu á verklagsreglum ef grunur vaknar um ofbeldi í skólum og verklagsreglum varðandi einelti.

Fundir utan leikskólans

Trúnaðarmenn FL og SFK fóru á aðalfundi sinna félaga. Einn leikskólakennari átti sæti í sjúkrasjóði KÍ.

Samstarf

Á Vináttudeginum 8. nóvember „gengið gegn einelti“ komu 29 nemendur úr tíunda bekk Lindaskóla í heimsókn og eyddu fyrripart dags hér í leik og starfi. Yndislegur dagur að allra mati.

Nemar

Veturinn 2019 - 2020 voru fimm starfsmenn Dals í námi við HÍ, leikskólaliði, tveir leiðbeinendur, aðstoðarleikskólastjóri og uppeldis- og menntunarfæðingur.

Viðhald starfsárið 2019 – 2020

Loftræstikerfið var yfirfarið og endurbætt. Settir voru fataskápar og hólf fyrir starfsfólkið í fataherberginu ásamt því að nýir skápar voru settir á deild og í sal leikskólans. Skipt var um gluggalista vegna fúa, spjöld á ofnum voru lagfærð ásamt ýmsum smáviðgerðum.

Öryggismál

Árið 2019 slösuðust 14 börn (11 drengir og 3 stúlkur). Af þeim urðu 12 slys á útisvæði og 2 inni. Um var að ræða hras, fall og högg og hlutust af því mar, skrámur, kúla og skurður.

Árið 2018 slösuðust 12 börn (7 drengir og 5 stúlkur). Af þeim urðu 5 slys á útisvæði og 7 inni. Um var að ræða, fall, högg og klemmuslys og hlutust af því skurðir, skrámur og eitt tannslýs.

Árið 2017 slösuðust 8 börn (6 drengir og 2 stúlkur). Af þeim urðu 6 slys á útisvæði og 2 inni. Um var að ræða, fall, högg og bruna og hlutust af því skurðir, skrámur og eitt tannslýs.



Hefðir Dals verða á sínum stað, svo sem alþjóðlegi bangsadagurinn/afmæli Blæs, dagur íslenskrar tungu/afmæli Lubba, jóladagskrá og afmæli leikskólans.

Skólastarfið

Þema skólaársins verður áfram lýðræði, gæði í samskipti og læsi með áherslu á að vinna með Lubbi finnur málbein og vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ. Hópastarf verður tvisvar í viku fyrir hvern aldurshóp og vinnan miðuð við aldur og þroska barnanna.

Þema verði áfram **ég sjálfur** þar sem heimaþekking (hvað heitir þú, fjölskyldan þín og hvar áttu heima), grunnlitir og form verða í fyrir-rúmi. Börnin læra um líkama sinn og nánasta umhverfi, efla sjálfsvitund, samskipti og samhug.

Hefðir leikskólans verða á sínum stað, svo sem alþjóðlegi bangsadagurinn/afmæli Blæs, dagur íslenskrar tungu/afmæli Lubba, jóladagskrá og afmæli leikskólans.

Það sem lögð var áhersla á og þarf að gera betur.

- Gera þarf umhverfið meira læsishvetjandi og nýta til þess lubbabein.
- Vinna að því að koma Lubba í frjálsa leikinn.
- Auka stundir með Blæ og hengja upp spjöldin úr töskunni.
- Auka þarf umræðu um vináttu og samskipti.
- Minna starfsfólk á að vanda mál sitt og setji orð á athafnir.
- Kenna börnunum frágang með þátttöku starfsfólks.
- Fara í styttri ferðir í nágrenni leikskólans.
- Virkja áhuga barnanna á garðinum, gróðrinum og nánasta umhverfi.
- Kennum börnunum að bera virðingu fyrir vistsporum.
- Finna verkefni í hópastarfi sem tengjast námssviðunum.
- Skrá getu og áhuga barna í hópastarfi á viðeigandi skráningarblöð.

Námssvið - Sköpun og menning

- Bæta þarf aðgengi að skapandi efnivið inn á deildum.
- Börn fái tækifæri til að tjá sig um eigin myndsköpun.
- Skoða listaverkabækur og ræða um myndskreytingar.
- Áhugavöt barnanna fái að njóta sín.

- Vinna meira með hlustun og tónlist í litlum hópum.
- Vinna með takt og hljóðfall.
- Börnin séu söngstjórar.

- Kynna okkur mismunandi menningu annarra þjóða.

Starfsáætlun

- Söngtextar verða settir á heimasíðu.
- Gera söngstund markvissari, velja lög fyrirfram.
- Lubbalög verði fyrir yngri og eldri í söngstund.
- Börnin fái að velja lög og bækur í samverustundum - lýðræði.
- Deildarstjórafundir verða alla föstudaga, annan hvern föstudag skiptast deildarstjórar á að koma með efni á fundinn.
- Fagfundir verði tvisvar á ári.

- Rifja þarf upp læsisstefnuna með starfsfólki.
- Halda áfram með læsis- og stærðfræðimánuði.
- Taka myndir af stærðfræði í daglegu lífi.



Sýnum samstarfsfólki í orðum og verki að það skipti máli. Ræðum málin á réttum stöðum við rétta aðila. Látum vita ef eitthvað er ekki eins og við viljum hafa það.

Vinnuumhverfisvísar:

- ☐ Skipta börnunum upp í minni hópa og nýta svæði leikskólans eins og hægt er.
- ☐ Starfsmenn skipti sér á svæðin með börnunum.
- ☐ Starfsmenn leggi sig fram um að vera hreyfanlegir, lausna miðaðir og lesa í aðstæður.
- ☐ Taka skal sameiginlega á ágreiningsmálum/vangaveltum í starfi.
- ☐ Mikilvægt að deildarstjórar upplýsi sitt starfsfólk um skilaboð og ákvarðanir sem teknar eru og fylgi þeim eftir.
- ☐ Fagfólk sé meðvitað um að styðja við leiðbeinendur.
- ☐ Brunnaefing verði höfð tvisvar á önn.

Mat barna – umbótaáætlun

- ☐ Vera duglegri að leyfa þeim að ráða/velja (útskýra orðin) og nota þau í daglegu tali.
- ☐ Nýta samantekt af listum sem börnin hafa svarað og myndum til að bæta starfið.
- ☐ Finna leiðir til að vinna betur úr mati barna á starfinu.
- ☐ Elstu börnin meti fleiri þætti starfsins.

Umbótaáætlun sérkennslu

Í málörvunarhópum verður áhersla lögð á almenna málörvun, auka orðaforða, bæta frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og að fara eftir fyrirætlum.

Í leikhópum verður áhersla á finhreyfingar, samskipti og börnin hvött til þátttöku. Í vinahópum verður áhersla á félagsleg samskipti, hegðun og atferli. Hver stund verður tvisvar í viku í 20 til 30 mínútur í senn.

Sérkennslustjóri mun hitta deildarstjóra einu sinni í mánuði og fara yfir stöðu barnanna á deildunum ásamt því að fara meira inn á deildar og fylgjast með leik og starfi.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólaárið 2020 - 2021 munu starfa í Dal auk stjórnenda, fjórir leikskólakennarar með deildarstjórn, fimm leikskólakennarar, uppeldis- og menntunarfræðingur í meistaranámi í leikskólakennarafræðum, tveir leikskólakennaranemar, háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum, einn aðstoðarleikskólakennari, leikskólaliði og leiðbeinendur.

Starfsmannakönnun

Mikilvægt er að allir líti í eigin barm og vandi sig í samskiptum. Hver og einn þarf að sýna jákvæðni og umburðalyndi og vera duglegri við að veita öðrum aðstoð, skilning og hjálp.

Sýnum samstarfsfólki að það skipti máli í orðum og verki. Ræða málin á réttum stöðum við rétta aðila. Lata vita ef eitthvað er ekki eins og við viljum hafa það.

Skipulagsdagar 2020 – 2021

Skipulagsdagar verða fimm á árinu og þeir nýttir til að efla fagþekk-

ingu, í hópefli og skipulag starfsins. Sjötti skipulagsdagurinn er fenginn fjórða hvert ár ef starfsfólk leikskólans fer í námsferð.

25. september umbótaáætlun starfsáætlunar yfirfarin, farið yfir öryggisreglur og unnið að verkefnum haustanna.

27. október - fara allir starfsmenn á ráðsstefnu um leikinn.

19. nóvember - deildarfundir verða haldnir og jólamánuður og vorönn skipulögð.

12. febrúar - Slysavarnanámskeið og deildafundir.

17. mars verður dagskrá sumarsins skipulögð og ný starfsáætlun gerð.

12. til 6. maí - námsferð til Helsinki í Finnlandi.

Endur- og símenntunaráætlun

Ef um nýliða verður að ræða fara þeir á nýliðanámskeið.

Allir starfsmenn fara á ráðsstefnu um leikinn.

Slysavarnanámskeið verður á vorönn.

Í námsferðinni í maí verður námskeið á vegum Kvan.

Viðhald

Mikilvægt er að fá dúka á veggj deilda og þeir málaðir. Endurnýja þarf sófa, dýnur, skápa og hirslur inni á deildum og gólfduki í öllu húsinu.

Öryggismál

Slys sem hafa orðið síðasta skólaár eru flest fall/hras úti og því mikilvægt að hafa yfirsýn á leikskólalóðinni.



Við tökum
fagnandi á móti
nýjum áskorunum
og tækifærum
skólaárið 2020-
2021 til að gera
gott starf betra.



Veturinn hófst með venjulegum hætti með aðlögun og svo skipulögðu starfi. Allt gekk sinn vanagang þar til Covid 19 setti sinn svip á vorönn leikskólans. Þá þurfti að bretta upp ermar og endurskipuleggja starfið og hópa bæði barna og starfsmanna. Handþvottur og handspritt voru í hávegum höfð og lærðu allir aðrar leiðir til að heilsast en með handabandi og knúsi. Ekki var þó hægt annað en sinna börnum með sömu umhyggju, knúsi og fadmlögum og áður hefur verið. Aðkoma foreldra að leikskólanum var takmörkuð og voru samskipti við þá meira rafræn en áður hefur þekkt. Þessi tími var þó jákvæður fyrir börnin og starfsfólkið þar sem rýmra var um alla, leikurinn blómstraði og starfsfólkið með sinni jákvæðni gerði hvern dag að ævintýri. Það var þó með gleði í hjarta og söng á vörum sem við fengum öll að vera saman um miðjan maí. Fordæmalausir tímar sem voru erfiðir en höfðu þó jákvæðar hliðar voru að baki. Þó að starfsáætlun liggir fyrir og markvisst sé unnið eftir henni skal hafa í huga þessi gamalkunnu orð:

„Stundum verður maður að leggja af stað án þess að þekkja leiðina út í hörgul. Notaðu tækifærið til að hlakka til að lenda í skemmtilegum og óvæntum uppákomum á leiðinni.“

